

**159** Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra  
10. ágúst mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1960.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Helgi Helgason.*

**160**  
11. ágúst

## REGLUGERÐ

um útbúnað þorska- og ýsuneta úr gerviefnum.

1. gr.

Við veiðar með þorska- eða ýsunetum úr gerviefnum, er óheimilt að nota kúluhanka eða önnur flottensl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sisallínu, sem ekki sé gildari en 5 mm að þvermáli.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi 1. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 11. ágúst 1960.*

Bjarni Benediktsson.

*Jón Sigurðsson.*

**161**  
15. ágúst

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Garðahrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Garðahrepps.

Hreppsnefnd skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur einkasölu á vatni á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.